



Akstursíþróttasamband Íslands

Ársþing 12. mars 2016

Fjórða ársþing Akstursíþróttasambands Íslands var haldið í fundarsal E í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal laugardaginn 12. mars 2015 kl.11:00.

1. Þingsetning

Tryggvi M Þórðarson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð félagsmenn velkomna á fjórða ársþing AKÍS.

2. Kosning þriggja manna kjörbréfaneftnar

Formaður lagði til að Guðbergur Reynisson, Helga Katrín Stefánsdóttir og Ingimundur Helgason skipuðu kjörbréfaneftnd og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta og þingritara

Formaður lagði til að Hafstein Pálsson yrði þingforseti og Þrándur Arnþórsson þingritari, sem samþykkt var samhljóða. Í framhaldi af því tók Hafsteinn við stjórn fundarins.

Hafsteinn spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun ársþingsins. Það var ekki og lýsti hann því þingið löglegt.

4. Ávörp gesta

Á meðan kjörbréfaneftnd starfaði fékk fundarstjóri samþykki til að ávörp gesta væru tekin fyrir.

Að því samþykktu flutti Hafsteinn Pálsson kveðjur framkvæmdastjórnar, forseta og starfsfólks ÍSÍ. Hafsteinn þakkaði stjórn AKÍS fyrir hennar þátt í móturn sambandsins og minnti á að ÍSÍ er ávallt tilbúið að þjóna samböndum. Nú er Ólympíuár og mikið um að vera hjá ÍSÍ.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Tryggvi M Þórðarson formaður flutti skýrslu stjórnar:

Fundarstjóri, fundarmenn, góðir gestir

Á starfsárinu 2015 voru 53 keppnir skráðar á keppnisdagatal okkar, sem þýðir jú að við erum að nýta svo til hverja helgi sumarsins til keppni. Svo til allar keppnir voru haldnar, jafnvel þó veður hefðu sett strik í reikninginn í nokkrum tilvikum og pólitík í öðrum. Við skulum líta á það sem lúxúsvandamál að spurning vakni hvort við þurfum að fara að huga að því að lengja keppnistímabilið.

Á síðasta ársþingi varð breyting á því hvernig greitt var fyrir keppnisskírteini. Í stað þess að kaupa ársskírteini, var greitt fyrir hverja keppni. Bundnar voru vonir við að þetta yki keppendafjöldann — en hann minnkaði aðeins, úr 263 árið 2014 í 223 í fyrra. Eftir skoðun er sennilegt að nokkrar keppnir árið 2014, sem gerðar voru upp sem ein heild hafi sýnt fleiri

kennitölur en virkilega voru. Þó tölurnar séu svona þá mun stjórnin, síðar á þessu ársþingi, leggja til að verð keppnisskírteina haldist óbreytt, hvort heldur venjulegra eða alþjóðlegra.

Hér tel ég rétt að minnast stuttlega á alþjóðleg keppnisskírteini. Í upphafi árs 2015 var ákveðið að laga útgáfu alþjóðlegra keppnisskírteina að því sem gert er erlendis. Það voru því auknar kröfur gerðar til þeirra sem sóttu um slík skírteini, meðal annars þurfti að framvísa læknisvottori, til að fá slíkt. Það var heppilegt því að á sama tíma setti FIA kraft í það að farið væri eftir reglum um slík skírteini. Má því segja að við breytingar hjá okkur hafi gerst á heppilegum tíma.

Það er þó svo að Íslendingar eiga að geta keppt í flestum greinum og í flestum löndum evrópska efnahagssvæðisins án þess að notast við alþjóðlegt keppnisskírteini. Það fer þó eftir keppnishaldara og því nauðsynlegt að fá staðfestingu þeirra á þessu. Eftir því sem keppt er á kraftmeiri keppnistækjum, má gera ráð fyrir að krafist verði alþjóðlegs skírteinis til að fá að vera þáttakandi.

Í sumum tilvikum virðist alþjóðlegt keppnisskírteini gefa betri niðurröðun en hitt. Það er minnst á þetta hér til þess til að keppendur geti gert upp hug sinn áður en haldið viðkomandi skráir sig til keppni.

EKKI FÓRU MARGIR KEPPENDUR ERLENDIS Á ÁRINU MEÐ ALÞJÓÐLEG KEPPNISSKÍRTEINI, EINN RALLARI OG SÍÐAN NOKKRIR Í BRAUTARKEPPNIR. Það er von míni að á árinu verði þeir fleiri sem leggja út í slíkt.

Í framhaldi af ársþingi AKÍS 2015 hélt vinna við tryggingarmál áfram, en ákveðið var að skipta vinnunni í tvennt. Fyrst yrði gengið frá því að tryggingarfélög byðu uppá ökumannstryggingar fyrir óskráð tæki, en skráðar bifreiðar eru með sinn tryggingar- viðauka. Eftir að því væri komið í höfn yrði farið að ræða tryggingar allra ökutækja, bæði skráðra og óskráðra, meðan á keppni eða æfingu stendur. Með (mikilli) aðstoð Fjármálaráðuneytisins varð það úr að tryggingarfélög fóru að bjóða uppá tryggingar sem uppfylla reglugerðarákvæði um tryggingar ökumanna á óskráðum ökutækjum.

Við fengum þó af og til allt siðastliðið keppnistímabil sögur af því að ekki væri almenn vitneskja um þessar tryggingar hjá tryggingarfélögnum. Unnið er að því að upplýsa tryggingarfélögum um þessa staðreyn og óska breytinga. Vegna samkeppnislagu og þeirra takmarkana sem tryggingarfélögum er sett, virðist eina leiðin að tala við öll tryggingarfélögum í einu sé að boða til ráðstefnu um tryggingarmál í akstursíþróttum.

Í gegnum tíðina hafa umræður AKÍS og forvera þess vegna laga og reglugerða um akstursíþróttir verið við viðkomandi ráðuneyti, nú Innanríkisráðuneytið. Síðla sumars varð breyting á er Innanríkisráðuneytið ákvað að eðlilegt væri, út frá starfslýsingum Samgöngustofu, að við ræddum málín þar fyrst og tillögum um breytingar á umhverfi akstursíþróttu kæmi frá Samgöngustofu til ráðuneytisins. Haldnir hafa verið tveir fundir með fulltrúum Samgöngustofu, en það verður að viðurkennast eins og er að það virðist mikið að gera hjá þeim, jafnvel svo mikið að ekki er svarað tölvupóstum.

AKÍS hefur lagt mikla vinnu við að leita upplýsinga um hvernig útskýring löggjafans var er 32. grein umferðarlaga nr. 50/1987, sem fjallar um akstursíþróttir var bætt inn. Þá hefur mikil vinnu farið í að gera tillögur að breytingum á reglugerð um akstursíþróttir. Sú vinna mun koma til með að halda áfram en við höfum notið góðvildar nokkurra lögmanna vegna hennar.

Hverjar eru svo umræðurnar sem við eigum við Samgöngustofu?

- Að farið verði með tryggingar allra ökutækja sem taka þátt í keppni, æfingum eða sýningum eins. Þannig yrði rallbifreið tryggð hefðbundnum bifreiðatryggingum á ferjuleiðum, en um leið og inná sérleið er komið tæki önnur trygging við. Það sama ætti við er komið er með einkabifreiðina og hún reynd hjá ÁIH, BA eða KK. Yrði þá svæðinu gert kleift að sjá um tryggingar í slíkum tilvikum.
- Gildissvið reglugerðar um akstursíþróttir - hvenær á hún við og ekki
 - Hvernig skal farið með sparakstur / góðakstur þar sem ekki er farið út fyrir ramma umferðarlaga
 - Akstur vegna kvíkmyndatöku, meta, sýningar.
- Breytingar á skilgreiningu sérbyggðra rallbifreiða svo þær megi aka í almennri umferð.
- Að aðeins rallbifreiðar séu skráðar í notkunarflokk "rallakstur"

Frá síðasta ársþingi hafa formaður og framkvæmdastjóri haldið fundi með fulltrúum sveitarfélaga og nokkurra stofnana, kynna þeim AKÍS, uppbyggingu akstursíþróttá Íslandi og síðan farið yfir málefni sem okkur varða. Byrjað var á því að heimsækja Hafnarfjarðarbæ, en tvö af þremur akstursíþróttasvæðum eru í því bæjarfélagi og því eðlilegt að byrja þar.

Þá var og góður fundur með fulltrúum Rangárþings Ytra, þar rætt var um aksturs- íþróttir og hvernig þær kæmu fléttuðust inn í starfsemi atvinnurekstur í sveitar- félagini. Ákveðið var að ræða áfram saman með hækkandi sól.

Haldinn var fundur með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar og farið yfir ýmis sameiginleg mál, en hún ræður þjóðvegum sem keppt er á í rally. Sérstaklega var minnst á vegi sem afhentir eru sveitarfélögunum og þau vandamál sem það getur leitt til.

Þá var fundur með formanni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, þar sem meðal annars varð umræða um akstursíþróttir og samgönguáætlun. Á þeim fundi lagði AKÍS til að það yrði veitt fjármagni til akstursíþróttatengdra mála í samgöngu- áætlun, á líkan máta og þar er að finna "reiðvegafé".

Til stóð að funda með fulltrúum Akureyrarbæjar, en ekki hefur enn orðið af því, en það er ætlunin að gera það fyrir komandi keppnistímabil.

AKÍS á fulltúa í Umferðarfagráði og haldnir hafa verið nokkrir fundir á síðasta ári. Ekki er vitað hvert framhaldið verður þar, því fjármagn til málflokkssins og kynningar á umferðarmálum hefur verið skoðir niður. Formaðurinn, Eva María Jónsdóttir, ásamt varaformanni sagði síðan af sér um áramót og hefur ekki verið skipað í starfið. Tíminn verður að leiða í ljós hvert þetta stefnir, en sem stendur er svoltíl tilvistarkreppa þar.

Í afar mörg ár hafa akstursíþróttir ekki átt inni á sjónvarpsstöð hérlandis. Við höfum séð stuttar Klippur sem póstað hefur verið á YouTube og á fleiri slíka miðla, en ekki eiginlega þætti með akstursíþróttum. Breyting varð á í fyrra er einn af þeim sem fengu leyfi AKÍS til að taka upp viðburði á vegum þess, gerði samninga við RUV ásamt og MotorsTV. Það var gott og þarf framtak. Staðfesting er komin að þetta verði endurtekið í ár, en að þættir verði sennilega eitthvað fleiri ein í fyrra og því möguleikinn á því að koma fleiri greinum akstursíþróttu að.

Síðastliðið sumar sendi AKÍS inn umsókn til FIA til að aðstoða við úttekt á þeim þremur keppnissvæðum sem hér eru. Í lok nóvember 2015 var AKÍS tilkynnt að það hefði fengið umbeðinn styrk. Vinna samkvæmt umsókn er að fara af stað, en það er stefnt að því að ljúka

þessu af í ár. Þetta er mikil vinna, bæði við umsóknina sjálfa, en ekki síður í þeim undirbúningi gagna sem þurfa að liggja fyrir er fram í sækir.

Forsvarsmenn akstursíþróttasambanda innan NEZ (Finnland, Svíþjóð, Noregur, Danmörk, Eistland, Lettland, Litháen og Rússland) hittast tvisvar á ári, í mars og október. Í mars 2015 var vorfundurinn haldinn hér á landi og tókst með ágætum. Til stóð að halda einnig haustfundinn hér, en vegna FIA Sport North Europe Regional Conference sem ákveðið var að halda í Finnlandi helgina áður en haustfundurinn var ákveðið að flytja fundinn þangað.

Á NEZ fundinum voru staðfestar keppnir sem haldnar eru hérlandis í mótaum sem tengjast NEZ, en þær eru Formula off-road keppnin að Hellu, FIA Icelandic Challenge sem hluti af Rally Reykjavík og síðan FIA Icelandic Extreme Challenge sem er hluti af jepparallinu.

Á FIA Sport North European Sport Conference var tilkynnt um breytingar sem hafa átt sér stað með hjá FIA vegna slysa sem orðið hafa í rally aðallega á undanförnum árum.

- Öryggisfulltrúi verður að vera skipaður af akstursíþróttasambandi viðkomandi lands, sem má gera eftir ábendingum frá keppnisstjórn viðkomandi keppni.
- Öryggisáætlun - skriflega og undirrituð
- Námskeiðahald á vegum FIA opnað þannig að lönd mega samnýta þau
Til þessa hefur verið rætt við Bretland, Írland og norðurlöndin.

Þá var einnig opnað fyrir það að lönd geta nú aftur heimilað hverjum sem er að keppa til meistaratitils.

Þá ítrekuð sú ósk að akstursíþróttasambönd geri sér umhverfisstefnu og fá vottun á henni frá FIA. AKÍS var þegar farið að vinna að slíkri áætlun og setti kraft í það nú á haust- og vetrarmánuðum. Afrakstur þess er sú umhverfisstefna sem lögð er fram á þessu þingi.

Á síðasta ári kom ósk til AKÍS frá FIA Women in Motorsport, um að tilnefna kvenökumenn og eða kvenaðstoðar- ökumenn til að keppa að því að komast í "rally raid" keppni í Quatar. Miðað við kröfur sem gerðar voru til viðkomandi Ásta Sigurðardóttir sú eina sem uppfyllti þær. Við lögðum nafn hennar í pottin, en því miður komst hún ekki í gegnum niðurskurðinn, en var næst inn, hefði einhver ekki treyst sér að koma.

Mikið átok er hjá FIA Women in Motorsport má segja frá því hér að annað slíkt boð kom um að senda kvenkeppenda í gokart í skóla nú á vetrarmánuðum. Því miður var aldurstakmarkið 15 ár og að viðkomandi hefði þurft að vera að keppa þrjú undangengin ár.

Þá var að detta í hús í byrjun þessa mánaðar boð um að koma með tillögu að því hvernig mætti nýta €400þús Erasmus styrk frá Evrópusambandinu til að efla þátttöku kvenna í akstursíþróttum. Hafi einhver hér inni hugmynd um það þá held ég það yrði vel þegið.

Með því að vera samband innan íþróttar- og ólympíusambands Íslands þá er gerð sú krafa á okkur að til sé afreksstefna. Við höfum unnið að gerð hennar um nokkurt skeið, en segja hinna stóri munur á greinum innan AKÍS gerir samanburð við önnur sérsambönd erfiðan. Það varð því úr að lögð er fram tillaga hér um það að tvískipta þessu skjali — annars vegar í framtíðarsýn — hvað við þurfum að gera og hvernig við ætlum að ná því þar sem einn kafli er um afreksstefnu — og hins vegar og í framhaldinu frekari útfærsla á afreksstefnunni. (skilgreiningar, þjálfun, fagteymi).

Sem hluti af framtíðar- og afreksstefnu AKÍS þarf að koma á fót eins konar menntanefnd sem ynni að þekkingaruppbryggingu þátttakenda í akstursíþróttum.

Við gerð framtíðarsýnar og einnig að ábendingu ÍSÍ kom í ljós að ekki var í keppnis- reglum AKÍS ákveðinn félagaskiptagluggi sem vonandi verður bætt inní keppnisreglur hér á eftir.

Á miðju ári 2014 var kynntur samstarfssamningur milli dótturfélags Sony, Polyphony Digital (sem gerir Gran Turismo leikinn) og FIA. Þessi samningur fór ekki hátt, en á síðasta ársþingi FIA var kynnt að farið yrði að keppa í Gran Turismo á FIA samþykktum brautum og að hér yrði um að ræða landskeppnir og sigurvegarar þar færð í álfukeppnir og að sigurvegarar þar færð í heimsmeistarakeppni. Þar væri ekki aðeins keppt á stafrænu formi, heldur er verið að ræða að nota, að hluta, raunverulega keppnisbifreiðar.

AKÍS og öðrum akstursíþróttasamböndum er gert að gefa út "virtual" keppnisskírteini fyrir þá keppendur sem formlega ætla að vera þátttakendur í þessari mótaröð. Þá er okkur einnig gert að vera viðbúnir því að keppendur með "virtual" keppnisskírteini vilji keppa á raunverulegum bifreiðum.

Þó fyrsta keppnin í þessum ímyndarheimi er áætlun næstkomandi nóvember, þá hefur AKÍS þegar rætt við Senu, sem eru umboðsmenn Polyphony Digital að koma að kynningu á þessu og reyna að hafa íslenska keppendur í þessum hópi.

Þá er og ráðgert að halda í ár "race of champions" milli Íslandsmeistara í aksturs- íþróttum, sem yrði í Smáralind í október.

Það eru spennandi tímar framundan en um leið kröfuharðir — við þurfum að skilgreina okkur og vera með agaðri vinnubrögð en áður. Það er von míni að okkur takist það.

6. Endurskoðaðir reikningar AKÍS lagðir fram og kynntir

Ari Jóhannsson gjaldkeri las reikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2015. Á árinu var lokið við greiðslur eldri skulda og reksturinn í jafnvægi.

7. Álit kjörbréfanefndar

Guðbergur Reynisson talaði fyrir kjörbréfanefnd og las upp nöfn kjörmanna hvers félags og staðfesti mætingu þeirra.

8. Umræður og samþykkt reikninga

Guðbergur Reynisson lýsti áhyggjum af minni innkomu vegna keppnisskírteina og leggur til að breyta til upprunalegs horfs.

Samþykkt seinna á fundinum að gera það ekki þar sem reynslan hefði almennt verið góð og nauðsyn væri á að þroa þetta áfram nú í ár.

Gunnar Hjálmarsson er sammála með keppnisskírteinin. Gunnar spurði einnig út í aðra liði í rekstri, svo sem kostnað vegna aksturs á Hellu, mótaferfi og lokahóf og Baldur Haraldsson út í mótaferfi.

Farið var yfir þessi atriði og þau útskýrð. Þá var sagt frá nýju mótaferfi sem Fjárhús ehf er að gera fyrir sambandið.

Díana Hermannsdóttir benti á að N4 voru með vikulega þætti og nefndi að eðlilegt væri að lokahóf væri sameiginlegt með MSÍ.

Þakkað var fyrir upplýsingarnar um þættina á N4.

Stjórn mun ræða við MSÍ um sameiginlega verðlaunaafhendingu í lok keppnistímabilsins.

Því næst voru reikningar samþykktir samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Ari Jóhannesson fór yfir fjárhagsáætlun Akstursþróttasambands Íslands fyrir árið 2016, sem var samþykkt samhljóða.

10. Lagabreytingatillögur

Þingforseti kynnti lagabreytingartillögur.

11. Afreksstefna AKÍS

Formaður kynnti [Framtíðarsýn AKÍS 2016-2025](#) sem innifelur afreksstefnu AKÍS.

12. Umhverfisstefna AKÍS

Formaður kynnti [Umhverfisstefnu AKÍS](#).

13. Keppnisreglur AKÍS

Formaður kynnti tillögur um breytingar á keppnisreglum AKÍS fyrir árið 2016.

14. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál

Lagabreytingar 3. grein - samþykkt samhljóða.

Lagabreytingar 6., 7., 15., 22. grein - samþykkt samhljóða.

Lagabreytingar í heild samþykktar samhljóða.

Framtíðarsýn AKÍS 2016-2025 - samþykkt samhljóða.

Umhverfisstefna AKÍS - samþykkt samhljóða.

Keppnisreglur 3. grein - Keppendur - samþykkt samhljóða.

Keppnisreglur 8. grein - Starfsmenn keppninnar - samþykkt samhljóða.

Keppnisreglur 15. grein - Fundur með keppendum - samþykkt samhljóða.

Keppnisreglur í heild sinni samþykktar samhljóða.

Fjárhagsáætlun

Keppnisskírteini:

Guðbergur leggur til að breyta keppnisskírteinum aftur til fyrra horfs.

Ingólfur, Þórður og Tryggvi leggja til að halda sig við núverandi fyrirkomulag.

Guðbergur vill sjá hvernig skírteinagjöld skiluðu sér síðasta keppnistímabil.

Sigurður sprýr um launakostnað, fundi og rekstur skrifstofu.

Eftir útskýringar og umræður var fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða

Baldur Haraldsson benti á að samkvæmt lögum AKÍS væri gert ráð fyrir að keppnisráð og nefndir væru kosin á ársþingi, en ekki skipuð af stjórn, eins og hefur viðgengist um ómunatíð.

Sé það vilji aðildarfélaganna þá þarf að laga lög AKÍS og reglugeriðir til samræmis.

Málinu var vísað til stjórnar og henni falið að koma með viðeigandi tillögur á næsta ársþingi.

Þórður Bragason tilkynnti um nafnabreytingu á keppnisflokk í rally, sem væri meira í samræmi við það sem verið væri að keppa að.

15. Kosningar

15.1 Formaður

Tryggvi M. Þórðarson gaf kost á sér sem formaður og var það staðfest með lófataki.

15.2 Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára

Kjörnir til næstu tveggja ára voru: Einar Gunnlaugsson, Jón Bjarni Jónsson og Sigurður Gunnar Sigurðsson.

15.3 Kosning þriggja manna í varastjórn

Í varastjórn voru kjörnir Jón Rúnar Rafnsson, Ari Jóhannsson og Magnús Ástráðsson í þessari röð.

15.4 Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins

Kosning þeirra Gunnars Bragasonar og Jóns Gests Viggóssonar samþykkt með lófataki.

15.5 Fulltrúar á íþróttapring íSÍ

Íþróttapring er ekki haldið á þessu ári og því þarf ekki að skipa fulltrúa á íþróttapring íSÍ að þessu sinni.

16. Þingslit

Tryggvi M. Þórðarson þakkaði það traust sem honum er sýnt og hlakkar til að taka þátt í góðu samstarfi um framtíðaruppbryggingu öflugra akstursíþróttu á Íslandi.

Þingi slitið um kl. 14:20

Þinggerð ritaði Þrándur Arnþórsson.

Viðauki 1 Kjörbréf

Skipting kjörbréfa var sem hér segir:

Félag	Atkvæði
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar (AÍH)	4
Bílaklúbbur Akureyrar (BA)	4
Kvartmíluklúbburinn (KK)	3
Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur (BÍKR)	3
Akstursíþróttafélag Suðurnesja (AÍFS)	3
Torfærulklúbbur Suðurlands (TKS)	3
Stimpill Akstursíþróttafélag	1
Akstursíþróttafélagið Start (Start)	1
Bílaklúbbur Skagafjarðar (BS)	1
Samtals	23

Viðauki 2 Mæting

Nafn	Félag
Árni Gunnlaugsson	AÍFS
Magnús Ragnarsson	AÍFS
Guðbergur Reynisson	AÍFS og í varastjórn AKÍS
Bragi Þórðarson	BÍKR
Þórður Bragason	BÍKR og í stjórn AKÍS
Jón Bjarni Jónsson	KK og í varastjórn AKÍS
Ingimundur Helgason	KK
Ingólfur Arnarson	KK
Ari Jóhannsson	KK og í stjórn AKÍS
Baldur Haraldsson	TKS
Þórður Guðni Ingvason	BS
Eyþór Pétur Áðalsteinsson	TKS
Magnús Á Ástráðsson	Start
Helga Katrín Stefánsdóttir	TKS og í stjórn AKÍS
Gunnar Bjarnason	AÍH og í stjórn AKÍS
Sigurður Gunnar Sigurðsson	AÍH
Gunnar Hjálmarsson	AÍH
Kristinn Snær Sigurjónsson	AÍH
Ragnar Róbertsson	Stimpill og í stjórn AKÍS
Einar Gunnlaugsson	BA og í stjórn AKÍS
Díana Hermannsdóttir	BA
Jóhann Freyr Egilsson	BA
Hafsteinn Pálsson	ÍSÍ
Tryggvi M Þórðarson	BÍKR og í stjórn AKÍS
Þrándur Arnpórsson	framkvæmdastjóri AKÍS